

Borgarráð

Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Aðgerðir og viðspyrna í menningar- og listalífi

Í fyrstu aðgerðum Reykjavíkurborgar, vegna Covid-19 faraldursins, sem samþykktar voru í borgarráði 26. mars sl. er kveðið á um að unnar verði tillögur um aðgerðir og viðspyrnu í menningar- og listalífi.

Því er lagt til að fyrstu aðgerðir í málaflokknum verði viðbragð við þessu og að settir verði auknir fjármunir í menningarpott borgarinnar vegna ársins 2020. Umsóknarfrestur verði í byrjun maí og stefnt að úthlutun í sama mánuði. Úthlutunarreglur verði einfaldar og veittir styrkir til verkefna sem örva sköpunargleði, listræn verkefni, samræður og menningarlegt framboð í borginni til lengri og skemmri tíma. Sjóðurinn verði ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum. Faghópi með fulltrúum frá Bandalagi íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar Íslands verði falið að meta umsóknir og gera tillögur til menningar-, íþróttá – og tómstundaráðs um úthlutun. Umsóknarferlið verði jafnframt einfaldað til muna frá því sem nú er og menningar- og ferðamálasviði falið að útfæra það.

Lagt er til að borgarráð samþykki ofangreinda tillögu að auknum fjármunum í menningarpott borgarinnar vegna ársins 2020. Heildarkostnaður við tillöguna eru 30 m.kr. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði.

Greinargerð

Markmiðið með þessari aðgerð er að auka fjármagn til frumsköpunar og eflingar sköpunar og lista í Reykjavík og styðja um leið við verkefni sjálfstætt starfandi listamanna.

Samkvæmt upplýsingum frá Bandalagi íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöð Íslands hefur samkomubann vegna COVID 19 haft gríðarleg áhrif á umhverfi sjálfstætt starfandi listamanna og hönnuða og þar með á afkomu þeirra. Verkefnum þeirra hefur ýmist verið aflýst eða frestað en á meðan svo er fá þau ekki tekjur. Samhliða dregur úr fjölbreyttu framboði menningar og lista í borginni.

Lögð verði áhersla á hratt umsóknarferli. Styrkir verði í tveimur flokkum, 500 þúsund kr. og að hámarki 750 þúsund kr.

Menningar- og ferðamálasviði verði falið að halda utan um framkvæmd verkefnisins en menningar-, íþróttá –og tómstundaráði að fara yfir og samþykkja úthlutun faghóps. Styrkhöfum verði falið að senda örstutt yfirlit yfir framkvæmd að verkefni loknu og

menningar- og ferðamálasviði falið að halda utan um það.
Fjöldi umsókna um styrk úr viðbótarpottinum getur gefið vísbendingar um þörf fyrir stuðning
í listum og menningu á þessum óvissutímum.

Dagur B. Eggertsson